

PCR prófið og veirufárið. Christian Drosten

“PCR-prófið” hefur dunið í eyrum okkar síðustu tvö árin eða svo. Það hefur skilið á milli feigs og ófeigs. Þeir, sem fallið hafa á prófinu, hafa verið skikkaðir af Sóttvarnaeinræðisherra ríkisins (Embætti landlækni) til sóttrefsivistar á heimilum sínum eða sóttvarnafangabúðum.

Reyndar hafa allar greinar ríkisvaldsins tekið undir í sóttvarnahljómkviðunni. Embætti ríkislögreglustjóra tekur virkan þátt í sefjuninni. Lögreglumaður embættisins er einn helsti sérfræðingur þjóðarinnar í sóttvörnum með grímuskyldu sem sérsvið. Íslenskur dómstóll lagði blessun sína yfir frelsissviptingu einkennalauss fólks, öndvert við dómara í Portúgal.

Sá góði dómari studdist við rannsóknir á PCR-prófinu og hélt í heiðri læknisgjörningnum: „Læknisfræðileg sjúkdómsgreining felur í sér læknisgjörning, sem eingöngu er á valdi læknis, lögum samkvæmt, og sem hann einn er fullkomlega ábyrgur fyrir.“ (Úr þýsku, portúgölsk krækja neðanmáls.)

Dómarinn í Portúgal studdist einkum við rannsókn Rita Jaafar og féлага, sem greint er frá í tímaritinu „Smitsjúkdómum“ (Clinical Infectious Diseases). Með skírskotun til rannsóknarinnar segir dómarinn, að sýni veirugreining með greinimörk við 35 snúninga (lotur) eða fleiri (í greiningarþeytivindu) - eins og lenska er í rannsóknarstofum í Evrópu og Bandaríkjunum - jákvæða niðurstöðu, séu líkur á sýkingu 3%.

Í veirufárinu á Íslandi hefur heilbrigðiskerfið verið „tekið í gíslingu“ eina ferðina enn, nú með PCR prófið að vopni. Viðbúnaður hefur miðast við alvarlegan eða banvænan sjúkdóm, enda þótt snemma í faraldrinum hafi verið ljóst, að svo var ekki.

Einkennalausir starfsmenn heilbrigðiskerfisins eins og annarra þjónustugeira og fyrirtækja, hafa umvörpum verið sendir í einangrun og nær viðstöðulaust er hrópað; „úlfur, úlfur.“ Þar er stöðugt uppi fótur og fit, hverju neyðarstiginu á fætur öðru lýst yfir.

Þar að auki tala ábúðarmiklir forsvarsmenn heilbrigðiskerfisins ákaft fyrir varhugaverðum og mannfrekum bólusetningum alls þess, sem kvikt er og tvífætt, og heimta meiri peninga frá skattgreiðendum, því að öðrum kosti sé líf sjúklinga í hættu. (Það er reyndar þrástef, þegar kerfið eða starfsmenn þess hafa hagsmuna að gæta.)

Sömu talsmenn taka að öðru leyti virkan þátt í sefjuninni. Í samvinnu við RÚV berast stöðugar harmafréttir af fólki, sem látist hefur vegna covid-19. Fréttamanneskjur RÚV

taka bókstaflega andköf, þegar skýrt er frá afdrifum þeirra óbólusettu. Látlaust er aldið á sóttarskelfingu. Aldrei er sauðsvörtum almúganum gerð grein fyrir því, hvort sjúklingar hafi látist af völdum veirunnar eða verið einkennalausir hýslar hennar. Þaðan af síður er okkur gerð grein fyrir, hvað felst í PCR-prófi og hvað það í raun sýnir. En það hafa aðrir gert.

Höfundur PCR-prófsins er Christan Drosten (f. 1972), þýskur veirufræðingur. Þegar þýskir rannsóknarblaðamenn reyndu að sannreyna upplýsingar um Christian, kom eitt og annað dularfullt í ljós. Skráning og eintak af doktorsritgerð hans fannst ekki, hvorki í brottskráningarskólum hans, Goethe háskólanum í Frankfurt, né Þjóðarbókhöfuð.

Þrátt fyrir þetta hefur Christian verið helsti ráðgjafi þýskra yfirvalda í sóttvarnarmálum og próf hans notað samkvæmt tilskipun Alþjóðheilbrigðisstofnunarinnar um allan heim til greiningar á veirunni. Christian er margverðlaunaður fyrir vísindaleg afrek sín. Þó hefur hann engan veginn reynst spámannlega vaxinn, þegar aðrar farsóttir hefur borið á góma, t.d. SARS (Severe acute respiratory syndrom – önnur kórónuveirusýking) og svínaflensan, sællar minningar.

Þýska blaðið, Stern, kallaði hann, þegar í mars 2020, veirustjörnu, eftirsóttasta mann Þýskalands. Á sama ári var hann sæmdur heiðursmerki. Christian féll þessi heiður í skaut, fyrir PCR-próf sitt, sem hann bjó til með ógnarhraða. Prófið var tilbúið í janúar 2020, í sama mánuði og veirunnar varð vart í Evrópu - „próf ársins.“ Christian hélt því fram, að svo næmt væri prófið, að það greindi sérhverja erfðasameind veirunnar.

Prófhöfundur sagði m.a.: „Ef slík sóttkveikja flögraði um slímhimnuna í nös um hjúkrunarkonu daglangt, án þess að hún kenndi sér nokkurs meins eða yrði hennar vör, væri hún skyndilega orðin MERS (Middel east respiratory syndrome – kórónuveirutengd öndunarfærasýking) sjúklingur.“

Það er svo sem ekki að furða, að um leið og prófið var tekið í notkun, hafi sjúklingum fjölgað nógu skart til þess, að Alþjóðheilbrigðisstofnunin gæti þann 12. mars 2020, lýst yfir neyðarástandi á hverju byggðu bóli jarðarinnar. Stofnunin átti áður í vandræðum með að réttlæta slíka skelfingu, þar sem staðfest tilvik á heimsvísu voru aðeins nokkrir tugir. En PCR prófið bætti hressilega úr skák í því efni.

Próf Christian var framleitt af vini hans, Olfert Landt, sem einnig er meðhöfundur að prófinu og rannsókna að baki því. Olfert þessi á Berlin Biotech Company TIB Molbiol Syntheselabor GmbH. Þeir félagar höfðu fengið þessa frábæru

viðskiptahugmynd um tveim áratugum áður, þegar þeir framleiddu PCR-próf fyrir greiningu á SARS og fleiri veirum síðar.

Í Berliner Zeitung segir Olfert á þessa leið: Hugmynd og hönnun kom frá Charité Berlin (háskólasjúkrahús og rannsóknarstofnun, sem Christian veitir forstöðu). Við bjuggum til útgáfu í öskju. Veiran var bara til í Wuhan, en við vorum snöggir að setja saman erfðamengið (genome) úr gervierfðavísu (synthetic gene).

Þegar í upphafi faraldursins framleiddi fyrirtækið eina og hálf milljón PCR öskjuprófa í viku hverri. Mánuði síðar hafði framleiðslan þrefaldast. Christian hlaut ríkulega umbun fyrir þessa örlagaríku uppgötvun sína. Mest munaði um þá upphæð, sem Mannkærleikssjóður Bill og Melinda Gates gaukaði að honum; 335.000 dali. Því má svo við bæta, að tólbaksiðnaðurinn hefur verið býsna gjafmildur einnig.

Það fer fjarri því, að allir séu jafn sannfærðir um ágæti vísindanna að baki prófinu og gildi þess og Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Tuttugu og tveir víðkunnir vísindamenn gerðu frekari rannsóknir, sem liggja til grundvallar þeirri niðurstöðu, að prófið sé ónothæft sem greiningartæki.

Í bréfi til hins ritrýnda vísindarits, „Evrópukögunar“ (Eurosurveillance), sem birti niðurstöður Christian og félaga 23. janúar 2020, fóru þeir fram á, að greinin yrði dregin til baka. Í útgáfustjórn tímaritsins situr títtnefndur Christian og Chantal Reusken, meðhöfundur umræddrar greinar.

Mike Yeadon, einn hinna tuttugu og tveggja höfunda, og Stefano Scoglio, sem tilnefndur var til Nóbelsverðlauna í læknisfræði árið 2018, hafa báðir reynt að vara við PCP prófinu. Kary Mullis, sem hlaut Nóbelsverðlaun í efnafræði fyrir PCR kjarnsýrugreininguna (polymerase chain reaction), sagði aðferðina engan veginn fallna til sjúkdómsgreininga. (Staðreyndaflugumennirnir segja þó, að hann hafi ekki haft vit á þessu.)

Gagnrýni á PCR-prófið hefur einkum lotið að eftirfarandi meginatriðum:

Veiran góða er manngerð, hönnuð og framleidd á tilraunastofum við háskólann í Norður-Virginíu og Wuhan. Því er hvergi til náttúrulegt sýni af henni til rannsókna og viðmiðunar við greiningu. Þetta hafa m.a. spænsk og íslensk heilbrigðisyfirvöld gefið út.

Kjartan Hreinn Njálsson, aðstoðarmaður Landlæknis, segir: „Við höfum engin frumgöng varðandi Sars-CoV-2 eða þau gögn er varða einangrun veirunnar og þá

lífeðlisfræðilegu og sameinda líffræðilegu ástæður sem tengja veiruna við veirusjúkdóminn Covid-19.“

Tæknin við hönnun veirunnar er í grundvallaratriðum sú sama og beitt er við erfðabreytingar dýra og plantna. Framleiðsla veirunnar var fjármögnuð af bandarískum yfirvöldum gegnum stofnunina, „Umhverfisheilsubandalagið“ (Eco Health Alliance).

Til upplýsingar má geta þess, að Mannvinastofnun Bill og Melinda Gates verðlaunaði kínversku veiruhöfundana með 900.000 dölum. Stofnunin lét ekki þar við sitja. Kínverska vísindaakademían fékk 359.820 dali í sinn hlut. Annar rannsóknarhópur kínverskur var verðlaunaður með 71.700 dölum af þarinnu gjöfala.

Á heimsvísu er ósamræmi í greiningu og mælingu veirunnar, þ.e. sú veiruögn, sem greind er, sýnið, er stækkað mismikið. Við tuttugu snúninga magnast sýnið meira en milljónfalt. Christian hefur reyndar sjálfur viðurkennt, að það sé harla tilviljunarkennt, hvort niðurstaða slíkrar rannsóknar sé já- eða neikvæð. Kínverskar og þýskar athugasemdir benda til, að 75 til 80% séu rangar, þ.e. jákvæðar niðurstöður.

Við greininguna er sjónum eingöngu beint að hluta umræddrar veiru, þ.e. tiltekinni röðun erfðavísa í henni, þ.e. ekki veirunni allri, sem reyndar aldrei hefur tekist að einangra. Verði þessarar erfðavísaraðar vart, er út frá því gengið, að um sýkingu sé að ræða. Útgefin erfðavísaröð frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni er auk þess svo almenn, að vænta má, að hún finnist í sérhverjum manni. Því geta allir greinst jákvæðir.

Sjálf prófgögnin hafa reynst varhugaverð, þ.e. þegar smituð af kórónaveirunni. T.d. hafa þau verið notuð í Þýskalandi. Þrjú hundruð manns voru send í sóttkví vegna gallaðra prófa. Bretar endursendu 741.000 próföskjur.

Í öllu því handapati, sem fjöldasýnatöku fylgir, ásamt vanþekkingu og þjálfunarskortu nýliða, má augljóslega gera ráð fyrir spillingu sýna, bæði sökum smits í andrúmslofti og ófullkomins hreinlætis. Þar að auki er jafnaðarlega að finna í koki og nösum alls konar smitandi örverur, sem kynnu að valda sjúkdómseinkennum, ef einhver eru. Einkenni allra öndunarfærasýkinga eru svipuð.

Ulrike Kämmerer við háskólann í Würzburg, segir um PCR-prófið: „Jafnvel þó skilyrði við greiningu séu ákjósanleg, er það engan veginn nothæft sem „góður staðall“ óklínískra aðgerða í því skyni að hefta útbreiðslu veiru. Sérstaklega er hætt við því, að fjöldaprófanir, án strangrar aðgerðaviðmiðunar, leiði til ónákvæmra prófniðurstaðna.

Einkum er fyrsta verklýsing frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni léleg tæknilega séð, villugjörn og líkleg til að gefa af sér falskar niðurstöður. ... [Aðferðin] dugar ekki til að segja fyrir um, hvort sýni, fundið jákvætt, bendi til sýkingar hjá hlutaðeigandi.“

Ulrike spyr sig, hvers vegna próf Christian hafi orðið fyrir valinu, þegar Kínverjarnir höfðu próf þegar á reiðum höndum. En það kynni að skýrast af hagsmunatengslum. Mannvinasjóður Bill og Melinda Gates styður stofnun Christina veglega.

PCR-hagsmunatengslin liggja vitaskuld einnig til Íslands, sem er stórkaupandi PCR askjanna. Íslenskir skattgreiðendur greiða einnig fyrirtæki góðagjörðaparsins, Bill og Melinda Gates, Íslenskri erfðagreiningu, fyrir greiningar. Greiningaræði Landlæknisembættisins er orðið skattgreiðendum feikna dýrt.

Reynt var að birta pistilinn á Facebook, sem ritskoðar og neitar birtingu með þessum orðum:

“This URL goes against our Community Standards on spam: pandemic.news. To protect people on Facebook from spam, we don't allow content that contains such URLs.”

<https://www.eurosurveillance.org/content/10.2807/1560-7917.ES.2020.25.3.2000045>

<https://www.gatesfoundation.org/about/committed-grants/2020/03/inv005971>

<https://mittval.is/kari-hagnadist-tifalt-a-pcr-profunum/>

<https://dailyexpose.uk/2021/12/03/new-study-proves-covid-is-a-fraud/>

<https://pandemic.news/2021-10-25-moh-has-never-isolated-the-sarscov2.html>

<https://www.telegraph.co.uk/news/2020/03/30/uks-attempt-ramp-coronavirus-testing-hindered-key-components/>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/16/debunking-the-corona-conspiracy-debunkers-by-a-top-british-biomedical-scientist/>

<https://usercontent.one/wp/www.ooc.one/wp-content/uploads/2020/12/THE-INVISED-PANDEMIC-the-lack-of-VIRUS-ISOLATION-and-the-INVALID-COVID-19-test.pdf>

https://vlex.pt/vid/851822033?_ga=2.155956985.353358071.1605737091-350727261.1605737091

<https://www.eurosurveillance.org/board>

<https://www.kla.tv/17953>

[https://www.charite.de/service/pressemitteilung/artikel/detail/erster test fuer das
_neuartige coronavirus in china entwickelt/](https://www.charite.de/service/pressemitteilung/artikel/detail/erster-test-fuer-das-neuartige-coronavirus-in-china-entwickelt/)

[https://dailyexpose.uk/2022/02/16/debunking-the-corona-conspiracy-debunkers-by-
a-top-british-biomedical-scientist/](https://dailyexpose.uk/2022/02/16/debunking-the-corona-conspiracy-debunkers-by-a-top-british-biomedical-scientist/)

<https://academic.oup.com/cid/article/72/11/e921/5912603>

<https://www.kla.tv/Vaccination-en/18870>

<https://cormandrostenreview.com/report/>

<https://www.kla.tv/17757>

<https://www.youtube.com/watch?v=7SKDHfA82HA>[https://www.youtube.com/watch
?v=7SKDHfA82HA](https://www.youtube.com/watch?v=7SKDHfA82HA)

<https://taz.de/Produzent-von-Corona-Tests/!5671485/>

<https://www.transparency.org.uk/corruption-coronavirus-covid-19-latest>

<https://www.bmj.com/content/371/bmj.m4425>